

PERSÓNUVERNDARSTEFNA KÆRUNEFNDAR JAFNRÉTTISMÁLA

Kærunefnd jafnréttismála er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem starfar á grundvelli laga nr. 151/2020 um stjórnarsýslu jafnréttismála. Hlutverk nefndarinnar felst í því að úrskurða í kærumálum eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. Til þess að nefndin geti sinnt lögbundnu hlutverki getur nefndinni reynst nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar, sbr. 3. og 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þá gilda fyrrnefnd persónuverndarlög um þá vinnslu. Nefndin er ábyrgðaraðili fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer af hennar hálfu.

VINNSLA OG MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA

Hvaða persónuupplýsingar er unnið með?

Til persónuupplýsinga teljast hvers kyns upplýsingar sem nota má til að persónugreina einstaklinga, beint eða óbeint. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar. Til vinnslu persónuupplýsinga telst öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, svo sem söfnun, skráning, varðveisla og miðlun.

Til að vita deili á málsaðilum og eiga í samskiptum við þá þarf nefndin að safna upplýsingum sem auðkenna þá, eins og nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang og símanúmer. Vegna lögbundins hlutverks nefndarinnar þarf hún að vinna með persónuupplýsingar sem varða laun, kjör og réttindi aðila og samskiptaupplýsingar en einnig persónuhagi sem lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna taka til. Með tilliti til þeirra mismununarástæðna sem fyrrnefnd lög taka til getur því komið til vinnslu persónuupplýsinga sem varða: kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífskoðun, fötlun, skerta starfsgetu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu.

Hvernig er unnið með persónuupplýsingarnar?

Persónuupplýsinga er að mestu safnað beint frá einstaklingum sjálfum eða umboðsmönnum þeirra þegar þeir leggja inn kæru hjá nefndinni eða frá þeim sem kæra beinist gegn, svo sem stjórnvöldum eða öðrum vinnuveitendum. Í einhverjum tilvikum kunna þær þó að berast frá þriðja aðila.

Skipaðir fulltrúar í kærunefnd jafnréttismála og starfsmaður nefndarinnar vinna með persónuupplýsingarnar. Auk þess eru upplýsingum og málsgögnum miðlað til þess málsaðila og vinnuveitanda sem kæra beinist að svo þeim sé fært að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Nefndin vinnur eingöngu með persónuupplýsingar til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu, sbr. 3. og 5. tölul. 9. gr. og 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga, sem er að taka kærur til meðferðar og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, hafi verið brotin.

ÖRYGGI UPPLÝSINGA

Til að tryggja öryggi upplýsinga eru þær varðveittar á tryggum stað og hefur enginn óviðkomandi aðgang að þeim. Einnig eru gerðar viðeigandi tæknilegar ráðstafanir til að

tryggja öryggi þeirra. Tölvukerfi nefndarinnar er rekið af TRS og Hugvit heldur utan um málaskrá nefndarinnar. Bæði þessi fyrirtæki starfa samkvæmt alþjóðlega ISO/IEC 27001 upplýsingaöryggisstaðlinum. Þá hvílir þagnarskylda á nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar.

VARÐVEISLUTÍMI

Nefndin hagar skjalamálum sínum í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af því leiðir að nefndinni er óheimilt að eyða skjölum og gögnum sem þeim berast eða verða til hjá þeim, nema með leyfi þjóðskjalavarðar. Í skilaskyldu felst jafnframt að öllum skjölum og gögnum sem berast nefndinni eða verða til hjá henni, skal skilað til Þjóðskjalasafns Íslands þar sem þau eru geymd til framtíðar.

RÉTTINDI MANNA SAMKVÆMT PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF

1. AÐGANGSRÉTTUR

Einstaklingur á rétt á að fá aðgang að og afrit af öllum persónuupplýsingum sem nefndin vinnur um hann nema lög mæli fyrir um annað. Þessi réttur á þó ekki við um vinnuskjöl sem notuð eru við undirbúning ákvarðana en þá getur réttur á aðgangi að gögnum máls einnig byggst á stjórnsýslu- eða upplýsingalögum. Rétturinn til að fá aðgang að gögnum ná þá t.a.m. ekki til gagna sem tengjast málefnum starfsmanna eða annarra vinnugagna.

2. RÉTTUR TIL LEIÐRÉTTINGAR

Einstaklingur á rétt á því að fá óáreiðanlegar og ófullkomnar persónuupplýsingar, sem skráðar eru í skjalasafn nefndarinnar, leiðréttaðar reynist þær rangar. Þá getur komið til greina að nefndin fallist á beiðni viðkomandi um að bæta upplýsingum við þær persónuupplýsingar sem stofnunin hefur í skjalasafni sínu um hann reynist þær ófullnægjandi.

3. SKYLDUR SAMKVÆMT LÖGUM UM OPINBER SKJALASÖFN

Rétturinn til eyðingar eða rétturinn til að gleymast á ekki við um vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni þar sem nefndin er bundin af lögum um opinber skjalasöfn og ber því að varðveita allar upplýsingar sem henni berast. Hér er rétt að nefna að í persónuverndarlögum er sérstaklega tekið fram að réttur til eyðingar persónuupplýsinga og til að gleymast eigi ekki við þegar lög mæla fyrir um að upplýsingarnar skuli varðveittar.

[Nánari upplýsingar um réttinn til eyðingar/réttinn til að gleymast má finna hér.](#)

4. KVARTANIR VEGNA VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

Einstaklingur getur lagt fram kvörtun vegna vinnslu nefndarinnar á persónuupplýsingum til Persónuverndar sem fer með eftirlitshlutverk á sviði persónuverndar, sjá heimasíðu stofnunarinnar <http://www.personuvernd.is/>.

ERINDI OG FYRIRSPURNIR

Erindum og fyrirspurnum er varða vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni skal sent á netfangið knj@knj.is. Einnig er unnt að senda bréf til nefndarinnar en þá skal umslagið merkt Kærunefnd jafnréttismála, hjá Úrskurðarnefnd velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Nefndin birtir úrskurði sína á vefsíðunni <http://www.urskurdir.is> í samræmi við fyrirmæli laga og reglugerða.